

Evrópskt svæði æðri menntunar verði orðið að veruleika árið 2010

Fjórdi fundur evrópskra menntamálaráðherra í svokölluðu [Bologna-ferli](#) var haldinn í Bergen í Noregi 19. og 20. maí sl.

Á fundinum undirrituðu ráðherrarnir yfirlýsingu, þar sem þeir ítrekuðu ásetning sinn um að halda samstarfinu áfram með auknum krafti þannig að árið 2010 yrði evrópskt svæði æðri menntunar að veruleika, þar sem nemendur og starfsmenn gætu stundað nám og störf utan heimalands síns án hindrana og fengið námið metið í heimalandinu, byggt á gagnkvæmu trausti.

Af Íslands hálfu sótti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, fundinn.



Á fundinum lýstu ráðherrarnir ánægju sinni með árangurinn sem þegar hefur náðst í átt til nánara samstarfs á grundvelli Bologna-ferlisins. Þetta samstarfsferli hófst í Bologna 1999 með yfirlýsingu menntamálaráðherra 29 Evrópulanda, þar á meðal Íslands. Voru þar sett markmið sem náð skyldi fyrir 2010.

Í ræðu sinni lagði menntamálaráðherra áherslu á mikilvægi gæðatryggingar til þess að slíkt traust gæti ríkt og að skólar gætu haldið sérstöðu sinni í stað þess að reynt væri að steypa þá í sama mót. Þróun gæðakerfa verður eitt aðaláhersluefni innan Bologna samstarfsins fram að næsta ráðherrafundi, sem haldinn verður árið 2007.

Nánari upplýsingar um Bologna-ferlið má finna á vef menntamálaráðuneytis, menntamalaraduneyti.is og á vef Bologna – ferlisins, <http://www.bologna-bergen2005.no/>

Innritun í framhaldsskóla 2005-2006

Umsóknarfresti um skólavist í framhaldsskólum á haustönn 2005 lýkur 14. júní. Nemendur sem nú eru í 10. bekk grunnskóla sækja um á netinu. Þeir fá bréf með leiðbeiningum og veflykli sem opnar þeim aðgang að innrituninni. Upplýsingar um fyrirkomulagið er að finna á slóðinni <http://www.menntagatt.is/>. Þar eru einnig upplýsingar um nám í framhaldsskólum. Aðrir umsækjendur þurfa að senda skriflegar umsóknir í framhaldsskólana. Umsóknareyðublað og ýmsar upplýsingar um nám í framhaldsskólum má fá á slóðinni <http://www.menntagatt.is>. Einnig má fá umsóknareyðublað í framhaldsskólunum.

Úthlutun styrkja til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu 2005

Menntamálaráðuneytið hefur úthlutað styrkjum til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu á árinu 2005. Alls var sótt um styrki til 67 verkefna. Að fengnum tillögum nefndar sem metur umsóknir hefur menntamálaráðherra ákveðið að veita samtals kr. 15.8 millj. til fjörutíu og eins verkefnis.

Nánari upplýsingar um styrkþega er að finna á vef menntamálaráðuneytis, menntamalaraduneyti.is

Úthlutun úr Þróunarsjóði leikskóla árið 2005

Þróunarsjóður leikskóla starfar samkvæmt [reglum nr. 163/2001](#) sem settar eru á grundvelli [5. gr. laga nr. 78/1994](#) um leikskóla. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróunarverkefnum í leikskólum með hliðsjón af aðalnámskrá leikskóla. Með þróunarverkefnum er átt við nýjungar, tilraunir og nýbreytni í leikskólastarfi.

Í janúar sl. var auglýst eftir umsóknum um styrki til þróunarverkefna á tveimur forgangssviðum:

A. Starf með yngri börnum í leikskóla.

B. Lýðræði í leikskólastarfi.

Auk þess var auglýst eftir almennum þróunarverkefnum.

Menntamálaráðherra hefur ákveðið, að tillögu úthlutunarnefndar, að veita styrki að upphæð samtals kr. 2.9 millj. til átta verkefna. Nánari upplýsingar um sjóðinn og styrkþega er að finna á vef menntamálaráðuneytis, menntamalaraduneyti.is

Hlutfall af heildarfjölda barna í árgangi sem eru í leikskóla 1998-2004

